

13. gr.

9

Um skaðabótaskyldur fyrir skemmdir á lendingarbótunum, mannvirkjum eða áhöldum, fer eftir almennum lagafyrirmælum. 17. jan.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur fyrir skemmdir á lendingarbótunum, mannvirkjum hennar eða áhöldum, má ákveða það af þremur óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, og gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð var lokið. Yfirmat skal framkvæma af fimm óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn greiðir sá, sem þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem svarar 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 20—10000 kr., nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í sveitarsjóð Stöðvarhrepps.

15. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 88 16. des. 1943, um lendingarbætur í Stöðvarfirði, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin hafnarreglugerð fyrir Stöðvarfjörð nr. 102 15. september 1943.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. janúar 1945.

Emil Jónsson.

Vígfús Einarsson.

G J A L D S K R A

10

23. jan.

fyrir Vatnsveitufélag Hveragerðis.

1. gr.

Af öllum íbúðarhúsum, sem vatn er leitt til úr vatnsveitu félagsins, skal greiða vatnsskatt árlega, er sé 15 — fimmtán — af hverju þúsundi fatseignamats húsanna, þó aldrei minna en kr. 50.00 — fimmtíu krónur —.

2. gr.

Skattur fyrir atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en venjulegra heimilisnota, skal venjulega ákveðinn með samningi við félagsstjórnina. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins, skal almennur félagsfundur ákveða hann, þó þannig, að hann sé í samræmi við gildandi vatnalöggjöf.

3. gr.

Húseigandi ábyrgist vatnsskatt. Heimilt er honum að hækka, sem skatti eða skattaaukningu svarar, þótt leigan hafi áður verið ákveðin.

4. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. ágúst ár hvert, fyrir yfirstandandi almanaksár. Félagsstjórnin getur samið um annan gjalddaga samkvæmt 2. gr.

10

5. gr.

23. jan. Vatnsskatt má taka lögtaki og skal hann tryggður með lögveðsrétti í hlutaðeigandi fasteign næstu 2 árin eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 129 1941, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 23. janúar 1945.

Finnur Jónsson.

Gunnl. E. Briem.

11

23. jan. Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Kjartans prófests Helgasonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 23. jan. 1945.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Kjartans prófests Helgasonar.

Sjóður þessi er að upphæð 1500 — eitt þúsund og fimm hundruð — krónur. Hann er stofnaður af gjöfum frá Sparisjóði Dalasýslu til minningar um síra Kjartan Helgason, fyrrverandi prófast í Hvammi í Dölum, sem var einn af stofnendum sparisjóðsins og fyrsti aðalgjaldkeri hans. Frú Sigríður Jóhannesdóttir, ekkja síra Kjartans, óskar þess, að sjóðnum skuli varið til að koma upp og styrkja bókasafn handa kvennaskóla frú Herðisar og Ingileifar Benediktzen á Staðarfelli og hefur henni og stjórn sparisjóðsins komið saman um að setja honum eftirfarandi skipulagsskrá.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Kjartans prófests Helgasonar og er að upphæð kr. 1500.00.

2. gr.

Vöxtum sjóðsins, er til útborgunar koma samkv. 3. gr., skal varið til að koma á fót og efla bókasafn handa kvennaskóla frú Herðisar og Ingileifar Benediktzen á Staðarfelli.

3. gr.

Vextir skulu leggjast við höfuðstólinn, unz þeir nema þeirri upphæð, að $\frac{2}{5}$ þeirra nægi til að kaupa 3 góðar bækur. Upp frá því má verja $\frac{2}{5}$ árlegra vaxta til eflingar bókasafninu. Hinir $\frac{3}{5}$ hlutar árlegra vaxta skulu leggjast við höfuðstólinn, unz sú ríkisstofnun, sem eftirlit hefur með opinberum sjóðum, telur gjaldmiðil landsins kominn í svo fastar skorður, að áhættulaust sé fyrir sjóðinn að verja meiru en $\frac{2}{5}$ vaxtanna til árlegrar notkunar. Af vöxtunum má þó aldrei verja meiru árlega en svo, að viðunandi höfuðstólsaukning sé tryggð, en hann má aldrei skerða.

4. gr.

Innstæðubók sjóðsins skal vera í vörzlum forstöðukonu kvennaskólans á Staðarfelli og ber henni að gera árlega reikningsskil fyrir sjóðnum eftir að hann tekur til